

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um uppeldisstyrk.* **104**  
 — Samkvæmt allraþegnlegustu tillögum ráðgjafans að meðteknubóknanlegu brjefi **11. júní.**  
 yðar, herra landshöfðingi, frá 29. apríl þ. á., hefir hans hátign konunginum  
 28. f. m. þóknast: að veita Sigurði Thoroddsen Jónssyni heitins sýslumanns Thor-  
 oddsens, 200 kr. árstyrk úr landssjóði frá 1. desember f. á. að telja, þangað til hann er  
 fullra 18 ára að aldri.

Þetta er yður hjer með þjónustusamlega tjáð, herra landshöfðingi, til þóknanlegr-  
 ar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutadeiganda, jafnframt og þess skal getið, að land-  
 fögetanum hefir verið skrifað í dag hið nauðsynlega um greiðslu hins veitta styrks úr  
 jarðabókarsjóði.

— *Agrip af brjefi landshöfðingja til sýslunefndarinnar í Eyjafjarðarsýslu um lán* **105**  
 til að kaupa kvennaskólahús. — Amtsráð norður- og austurumdæmisins hafði leyft **29. júní.**  
 sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu að taka 6000 kr. lán til þess að kaupa kvennaskólahúsið á  
 Laugalandi með áhöldum og gögnum. Landshöfðingi tjáði sýslunefndinni með þessu brjefi  
 að lán þetta gæti fengist; en leiddi um leið athygli nefndarinnar að því, að tjeð hús  
 væri byggt á lóð, sem seljandi ekki ætti og að því virtist nauðsynlegt, að sýslunefndin  
 fengi lóðina undir húsinu afhenta annaðhvort til eignar eða erfðafestu, og að sýslunefnd-  
 in þar að auki þyrfti að sjá um, að húsið yrði tryggt gegn eldsvoða.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður og austurumdæminu um vegabót* **106**  
 á Vestdalsheiði. — Eptir að jeg með þóknanlegu brjefi yðar, herra amtmaður, **3. júlí.**  
 frá 10. f. m. hafði meðtekið nákvæmari skýrslur og áætlun yfir framkvæmd vegabóta  
 þeirra, sem upp á hefir verið stungið á fjallveginum yfir Vestdalsheiði í Norðurmúlasýslu,  
 samþykkist hjermeð að vegabótavinna þessi, sem gjört er ráð fyrir, að kosti alls 3000 kr.,  
 og sem ekki mun verða affokið á skemmri tíma en 3 árum, megi byrja árið 1881.

Jafnframt því að tjá yður, herra amtmaður, þetta til þóknanlegrar leiðbeiningar  
 og birtingar, vil jeg mælast til þess, að þjer leggið fyrir sýslumanninn í Norðurmúla-  
 sýslu, að hann gjöri nauðsynlegar ráðstafanir til þess, að byrjað verði á verki þessu svo  
 snemma, sem árstíminn leyfir 1881, og að því sje haldið áfram með þeim mannsafli, sem  
 kringumstæðurnar leyfa, svo að því öllu geti orðið lokið á þrem árum eða í síðasta lagi  
 árið 1883, ef alþingi veitir hið nauðsynlega fje til þess um árin 1882 og 1883. Gjöld  
 þau, sem þurfa til framkvæmdar verki þessu árið 1881, veitast hjer með af fje því, sem  
 til vegabóta er ætlað í 9. gr. C. 5. fjárlaganna.

— *Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um eptirlaun prests.* — Í hjá- **107**  
 lögðu brjefi, dagsettu í gær hefir síra Jón Bjarnason fyrir hönd föður síns, uppgjafarprests **17. júlí.**  
 síra Bjarna Sveinssonar beiðzt úrskurðar míns um, hvort eptirlaun þau, sem nefndum  
 uppgjafarpresti bera af Stafafellsprestakalli eigi framvegis eins og að undanfögnu að greiðast  
 honum af tekjum þessa prestakalls, eða þá úr landssjóði samkvæmt lögum 27. febr. þ. á.  
 um eptirlaun presta, og er sagt, að prestur sá, er nú þjónar Stafafelli, haldi þessu fram.

Með því að ekki er fyrir hendi nein skýr yfirlýsing frá prestinum að Stafafelli  
 um, að hann hafi í hyggju, samkvæmt hinum nefndu eptirlaunalögum, að skorast und-  
 Hinn 27. júlí 1880.

**107** an að greiða eptirlaun þau, er veitt voru formanni hans af tekjum prestakallsins, og lagt  
17. júl. var fyrir síra Pál Pálsson í veitingarbrjefi hans að greiða af tekjum prestakallsins, og með því að málið eptir því, sem þannig liggur fyrir, ekki verður útkljáð með úrskurði mínum, eru það þjónustusamleg tilmæli mín, að stiptsyfirvöldin vildu útvega álit síra Páls Pálssonar um hið fyrirbyggjandi erindi og senda mjer það með þeim ummælum, er það kynni að gefa tilefni til.

Hinsvegjar virðist það sjálfsagt, að eptirlaun þau, sem uppgjafapresti síra Bjarna Sveinssyni voru veitt, er hann sleppti Stafafells prestakalli, eiga að greiðast honum af tekjum prestakallsins, þangað til málið hefir fengið fullnaðarúrlausn sína einkum með dómi, ef hlutaðeigandi sóknarprestur skyldi ekki vilja láta sjer lynda stjórnarúrskurð þann, er kynni að verða lagður á málið eptir nægilegan undirbúning.

Jeg vil því hjer með biðja stiptsyfirvöldin að annast um, að eptirlaun uppgjafarprestsins verði honum skilvíslega greidd af tekjum prestakallsins, þangað til spurningin um það er að fullu útkljáð, hvort landssjóðurinn eigi að greiða eptirlaunin, en til þess finnst að minnsta kosti engin bein heimild í eptirlaunalögunum.

**108** — *Brjef landshöfðingja til biskups um árgjald brauða.* — Í heiðruðu brjefi frá  
17. júl. 14. þ. m. hafið þjer, herra biskup, gjört þá fyrirspurn, hvort ekki sje sjálfsagt, að þær 2000 kr., sem eptir 6. gr. laga frá 27. febrúar þ. á. um skipun prestakalla eiga árlega að greiðast til uppgjafapresta og prestaekkna í staðinn fyrir árgjald af braudum, samkvæmt 7. gr. laga frá 15. desember 1865, verði, hve nær sem þess er óskað, eptir að nefnd lög hafa öðlazzt gildi í fardögum 1881, útborgaðar fyrir það ár eptir útborgunarskipun landshöfðingja, og sjerstaklega svo snemma, að þeim verði úthlutað á synodus í byrjun júlímánaðar.

Af þessu tilefni læt jeg ekki dragast að tjá yður til þóknarlegrar leiðbeiningar, að samkvæmt 18. gr. fjárlaganna, sbr. lög um skipun prestakalla frá 27. febr. þ. á. er að vísu fullkomin heimild til að ávísa hinni umræddu upphæð úr landssjóði fyrir fardaga árið 1881—1882, þegar þess er óskað, eptir að hin síðast nefndu lög hafa náð gildi; en með því upphæðin samkvæmt 6. gr. laganna kemur í staðinn fyrir árgjald það, sem eptir 7. gr. tilskip. frá 15. desember 1865 hvílir á prestaköllunum, og með því að greiða verður þetta árgjald fyrir yfirstandandi fardagaár, og prófastar eiga að senda það svo tímanlega til biskups, að peningarnir sjeu komnir og geti orðið úthlutað á synodus, sem haldinn verður í byrjun júlímánaðar 1881, fæ jeg ekki betur sjed, en að hinum umræddu 2000 kr. fyrir fardagaárið 1881—82 ekki verði úthlutað fyrr en eptir fardaga 1882.

**109** — *Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um styrk til að prenta söng-*  
19. júl. hepti. — Samkvæmt tillögum stiptsyfirvaldanna vil jeg hjer með af sje því, sem lagt er til vísindalegra og verklegra fyrirtækja, veita Jónasi organista Helgasyni hjer í bæn- um, styrk til að gefa út hepti af sönglögum og kvæðum með 3 og 4 röddum, að upphæð 20 kr. fyrir hverja prentaða örkk allt að 4 örkum.

Þetta er tjáð stiptsyfirvöldunum til þóknarlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeiganda.